

AUGLÝSING

um breyting á gjaldskrá Hitaveitu Dalvíkur nr. 284 11. desember
1970 ásamt síðari breytingum.

4. gr. orðist þannig:

Gjöld fyrir afnot heita vatnsins eru sem hér segir:

1. Fast gjald á mánuði verði kr. 300.00 fyrir hvern aðalhemil.
 2. Vatnsgjald verði kr. 420.00 á mánuði fyrir hvern mínútulítra í hámarksstillingu hemils.
- Á gjöld þessi leggst söluskattur skv. gildandi reglum á hverjum tíma.

Gjaldskrárbreyting þessi, sem ákveðin er skv. Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að taka þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum, sem hluta eiga að máli.

Iðnaðarráðuneytið, 20. september 1973.

Magnús Kjartansson.

Jóhannes Guðfinnsson.

Nr. 319.

2. nóvember 1973.

AUGLÝSING

um staðfestingu á uppdrætti af aðalskipulagi Keflavíkur,
Njarðvíkur og Keflavíkurflugvallar.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19 21. maí 1964, hefur ráðuneytið hinn 2. nóvember 1973 staðfest uppdrátt af aðalskipulagi Keflavíkur.

Uppdráttur þessi hefur hlotið þá meðferð, sem lög nr. 19/1964 gera ráð fyrir.

Félagsmálaráðuneytið, 2. nóvember 1973.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Jón Sigurpálsson.

Nr. 320.

8. nóvember 1973.

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá fyrir Hitaveitu Laugaráss í Biskupstungum.

1. gr.

Gjöld fyrir dreifingu heita vatnsins greiðast þannig á ári:

1. Eftir vatnsmagni kr. 30 000 sekl. Sé vatnið notað eingöngu til búreksturs skal ekki frekara gjalds krafist.
2. Fasteignagjöld:
 - a. Af íbúðarhúsum kr. 34.00 pr. rúmm. á ári.
 - b. Af verkstæðis- og iðnaðarhúsum kr. 23.00 pr. rúmm. á ári.